

Priðjudaginn 15. desember 1998.

Nr. 471/1998.

Bragi Höskuldsson

(Pétur Þór Sigurðsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(enginn)

Kærumál. Flýtimeðferð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. desember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 2. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. desember 1998, þar sem hafnað var beiðni sóknaraðila um, að mál, sem hann hyggst höfða á hendur varnaraðila, sæti flýtimeðferð. Kæruheimild er í n-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að „lagt verði fyrir dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur að gefa út stefnu til flýtimeðferðar á framangreindu máli Braga Höskuldssonar á hendur Íslenska ríkinu“.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. desember 1998.

Síðdegis 30. nóvember barst dómstjóranum í Reykjavík sú beiðni Péturs Þórs Sigurðssonar hrl. f. h. Braga Höskuldssonar, kt. 241078-5079, Skipasundi 21, að heimiluð yrði flýtimeðferð eftir ákvæðum XIX. kafla laga nr. 91/1991 í máli, sem hann hyggst höfða gegn dóms- og kirkjumálaráðherra.

Dómkröfur í hinu fyrirhugaða máli eru svohljóðandi:

„Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að handtaka sín 25. nóvember 1998 hafi verið ólögmat, svo og, að ólögmat sé vistun sín í fangelsi í framhaldi handtökunnar til afplánunar varðhalds sem vara-

refsingar á grundvelli sektargerðar lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 10. 4. 1998, sem stefnandi gekkst undir 4. 6. 1998. Að auki krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.“

Dómstjórinn gerði tilraun til þess að ná sambandi við lögmann Braga Höskuldssonar 30. nóvember sl., sem tókst ekki, en nú í morgun tjáði dómstjórinn lögmanninum, að hann synjaði um flýtimeðferðina. Lögmaðurinn tók sér umhugsunarfrest, en óskaði eftir hádegi í dag, að kveðinn yrði upp úrskurður um synjunina samkvæmt 3. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt sektargerð lögreglustjórans í Reykjavík féllst Bragi Höskuldsson á þá sátt að greiða sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 47.000 kr., og 7.641 kr. í málskostnað vegna ölvunaraksturs. Lögreglan lagði við tíu daga varðhald sem vararefsingu, yrði sektin ekki greidd innan þrjátíu daga frá undirritun sáttarinnar. Sektin var ekki greidd, og var Bragi handtekinn 25. nóvember sl. og færður í fangelsi til afplánunar.

Dómkrafa sú, sem Bragi Höskuldsson gerir, er eingöngu um það, að handtaka sín og vistun í fangelsi í framhaldi handtökunnar til afplánunar varðhalds verði dæmd ólögmat. Ekki er gerð sérstök krafa um það, að hann verði látinn laus úr fangelsinu. Ekki er heldur gerð krafa um greiðslu skaðabóta.

Kröfugerðin, eins og hún er sett fram, er þess eðlis, að um er að ræða kröfu um lögfræðilegt álit dómstólsins. Sú kröfugerð er ekki heimil samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Enda þótt litid yrði svo á, að í kröfugerðinni fælist sú krafa, að Bragi Höskuldsson yrði látinn laus úr afplánun sinni, er ljóst, enda þótt allur hugsanlegur flýtir yrði viðhafður, að afplánunartíminn yrði liðinn, þegar dómur gengi um þá kröfu, og því ekki lengur lögvarðir hagsmunir af því að fá úr því álitafni skorið, hvort láta beri hann lausan.

Framangreindar ástæður leiða til þess, að ekki eru þau skilyrði, sem kveðið er á um í 1. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991, til þess að heimila flýtimeðferð á fyrirhuguðu máli Braga Höskuldssonar gegn dóms- og kirkjumálaráðherra, og er því synjað um þá beiðni.

Friðgeir Björnsson dómstjóri kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Synjað er beiðni Braga Höskuldssonar, kt. 241078-5079, um, að heimiluð verði flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991 á máli, sem hann hyggst höfða gegn dóms- og kirkjumálaráðherra.